5.  $\Sigma$  CO<sub>2</sub> mg/l = (Titir-CO<sub>2</sub> mg/l + Vol-CO<sub>2</sub> mg/l).
6. Mism Alkalitet = (Titir-CO<sub>2</sub>-Alk + Vol-CO<sub>2</sub>-Alk).
7. Natriummetasilikat = Na<sub>2</sub>SiO<sub>3</sub> = Na<sub>2</sub>O·SiO<sub>2</sub> og  
Natriumortosilikat = Na<sub>4</sub>SiO<sub>4</sub> = 2Na<sub>2</sub>O·SiO<sub>2</sub> eru reiknuð út þannig, að magn hvors um sig mg/l svarar til Mism Alkalitet.
8. %  $\Sigma$  CO<sub>2</sub> mg/l =  $\Sigma$  CO<sub>2</sub> mg/l reiknað sem % af Titir-CO<sub>2</sub> mg/l.
9. OH<sup>-</sup>-Alk = Alkalitet ppmCaCO<sub>3</sub>, er orsakast að því er telja ber af OH<sup>-</sup>-ion, og er, eins og áður er tilfært, reiknað út frá Alkalitet vatnsins. (Standard aðferð).
10. Uppleyst SiO<sub>2</sub> = kolorimetrískt ákvarðað SiO<sub>2</sub> og táknar aðeins molekular, en ekki kolloid SiO<sub>2</sub>.

Það skal tekið fram, að fyrir utan tvö sýnishorn af köldu vatni, þar sem annað var talsvert basískt en hitt nálega neutralt, voru öll hin sýnishornin basískt hveravatn. Einnig skal það tekið fram að þar sem framkvæma þurfti titration, var afínlega til þess notuð N/50 H<sub>2</sub>SO<sub>4</sub>, og enn fremur er í lista Alkalitet tilfært sem ppmCaCO<sub>3</sub> (1 ml N/50 H<sub>2</sub>SO<sub>4</sub> = 1 mg CaCO<sub>3</sub>). Varðandi aðferðir þar er notaðar voru til ákvörðunar hinna ýmsu gilda mun aðeins hin volumetríska ákvörðun Total-CO<sub>2</sub> mg/l þarfnast skýringar. Aðferð þessa ásamt mynd af apparatur, má finna í "Treadwell" (Bl. 369). Nægir hér að geta þess að ákveðið magn (hér 500 ml) af vatni er tekið varlega (eins og við súrefnisákvörðun) í hæfilega



stóran kolba, er inniheldur lítið eitt af Aluminium. Til þess að drífa kolsýruna úr kolbanum og inn í mælibürettu, sem hann er tengdur við, er innihald kolbans soðið með saltsýru. Streymir þá kolsýran inn í mælisbürettuna og brátt fer saltsýran að leysa upp Aluminium og myndast þá vatnsefni sem rekur síðustu leifar kolsýrunnar inn í mælibürettuna.  $2Al + 6HCl \rightarrow 2AlCl_3 + 3H_2$ . Total-loftið, sem komið hefur í mælibürettuna, er síðan mælt og þar á eftir rekið inn í Hempel-pipettu með kalilút, er absorberar kolsýruna. Eftir stuttan tíma er síðan loftið dregið aftur inn í mælibürettuna og mælt aftur. Mismunur á fyrri og seinni mælingu gefur þá rúmmálskolsýru pr. vatnsmagn það er ákvörðunin gildi fyrir. Ef vatn það sem rannsaka á inniheldur brennisteinsvetni, verður áður en sýnishornið er tekið að láta lítið eitt af föstu merkuriklorid í kolbann. Merkuriklorid fellir brennisteinsvetnið út og myndar með því merkurisulfið, sem leysist ekki upp í saltsýru.



#### Tilgangur verkefnisins.

Eins og áður er getið er það mjög algeng og mikið notuð "standardaðferð" við efnagreiningu vatns, þegar búið er með titration að ákvarða Primær-, Sek.- og Total-Alkalitet vatns, að reikna kolsýrusambönd vatnsins, Karbonation- $CO_2$  mg/l, Bikarbonation- $HCO_3$  mg/l og Hydroxylion- $OH$  mg/l út eftir innbyrðis afstöðu þessara þriggja gilda fyrir Alkalitet vatnsins. Bæði samkvæmt litteratur og einnig er augskýlegt að þessi aðferð gefur því aðeins réttar niðurstöður, að eins og hér er gert ráð fyrir orsakist Alkalitet vatnsins eingöngu af þessum þrem komponentum. Í köldu vatni, erlendis, er líka venjulega mikið af Calcium- og Magnesiumcarbonati og -bikarbonati en lítið eða ekkert annara alkalískra komponenta og yfirleitt mjög lítið af kísilsýru  $SiO_2$ . Við vatn með þannig efnasamsetningu er ofangreind aðferð vel nothæf. En íslenskt

vatn og þó sérstaklega íslenskt hveravatn, sem hér verður aðallega rætt, hefur allt aðra efnasamsetningu þar sem aðalefnainnihaldið eru Kísilsýra-  $\text{SiO}_2$  í einhverju formi og Natrium- $\text{Na}^+$ . Augljóst virðist það vera að mjög lítil líkindi eru til þess að vatn með þessa efnasamsetningu innihaldi sem alkaliska komponenta kolsýrusambönd og hydr-oxyl, heldur verður að minnsta kosti að reikna með því að einhver meiri eða minni hluti kísilsýrunnar sé til staðar sem eitthvert Natriumsilikat  $n \cdot \text{Na}_2\text{O} \cdot p \text{SiO}_2$ . En ef sú er reynslan hefði ákvörðun hinna alkalisku komponenta samkvæmt ofangreindri "standard-aðferð" aðeins samanburðargildi. Þess skal getið að í hinu mikla verki "Hot Springs og the Yellowstone National Park" eftir Allen og Day, reikna þessir tveir vísindamenn allt Alkalitet í kolsýrusamböndum og hydr-oxyl samkvæmt áður nefndri "standard-aðferð". Í stuttum kafla á bls. 74 taka þessir tveir vísindamenn afstöðu til þess möguleika að Alkalitetið geti stafað að einhverju leyti frá Alkalisilikati (eða Borati). Er þar komist að þeirri niðurstöðu að alkalitetið muni stafa, næstum því eða að öllu leyti frá kolsýrusamböndum, nema ef til vill að mjög óverulegu leyti frá Bórötum. En kísilsýran muni aðallega vera til staðar í kolloid-ástandi. Eru þessar skoðanir rökstuddar á eftirfarandi hátt: Bæði í vatni sem inniheldur óbundna brennisteinssýru í smáum stíl, í vatni sem inniheldur frá 19-86 ppm  $\text{HCO}_3^-$ , en ekkert karbonat, sé innihald af  $\text{SiO}_2$  frá 500-700 ppm. Lofttegundir, einkum  $\text{CO}_2$  streymi í meira eða minna magni, uppúr báðum þessum tegundum af hverum, í öðrum alkaliskum hverum, sem innihaldi meira Bikarbonat sé ennþá minna af kísilsýru. Þessir hverir hafi líka það sérkenni að ennþá minna af lofttegundum streymi þar upp. Sé þannig ekkert samband að finna milli Alkalitet og kísilsýruinnihalds og greinilegt sé að mest  $\text{SiO}_2$  finnist í hveravatni, sem er lítið alkalískt. Af ofangreindu má greinilega sjá að hveravatn það er þessar rannsóknir gilda fyrir er að ýmsu leyti

næsta ólíkt íslenzku hveravatni, þannig að ekki er unnt að yfirfæra þessa ofangreindu lýsingu eða ályktanir á það. Skulu hér í því sambandi dregnar fram eftirfarandi staðreyndir:

1. Bæði af niðurstöðum í lista og niðurstöðum annara efnagreininga á íslenzku hveravatni, er það ljóst, að beint samband er á milli Alkalitet og kísilsýruinnihalds, þannig að hækkandi Alkalitet orsakar hækkandi kísilsýru og öfugt (sjá línurit A) og það jafnvel þó eingöngu sé um Bikarbonat-Alkalitet að ræða (sýnishorn nr. 14 og 15).
2. Aðeins fáar heitar uppsprettur (Hveragerði-Hengill-Hveravellir, Geysir og Bláhver í Haukadal) á Íslandi innihalda Kolloid-kísilsýru svo teljandi sé.

3. Íslenzkt hveravatn inniheldur Bór eða Borat aðeins í það litlu magni, að um Alkalitet, er nokkru nemi, getur ekki orsakast af því.

Með því að eingöngu var rannsakað basískt hveravatn, verður kísilsýruinnihald í súru hveravatni ekki rétt hér. Eins og síðar verður getið var 1. sýnishorn (nr. 19 og 20, Geysir) rannsakað, þar sem kísilsýruinnihaldið er aðallega kolloid-SiO<sub>2</sub> (325 af 520 total-SiO<sub>2</sub>).

Reyndist þar allt Alkalitet stafa frá kolsýrusamböndum, þrátt fyrir hátt pH = 9,7 og P-Alkalitet er varðandi önnur sýnishorn bent á Na-Silikat. Hvort hér er um skekkju í mælingu á Total-CO<sub>2</sub> að ræða, er gerð var volumetrískt, þrátt fyrir tver parallelmælingar, er sýndu mismun á Total-CO<sub>2</sub>, er nam ca. 2 %, eða hvort orsakarinnar má leita í ástandi kísilsýrunnar í vatninu, skal ekki rétt hér frekar, enda ekki unnt að fá úr því skorið nema með rannsókn á fleiri sýnishornum hveravatns, er hafi þetta sérkenni, að innihalda verulegt magn af Total-SiO<sub>2</sub> ppm, í kolloid-ástandi. Síðar mun verða sýnt fram á það, að meðal annars hækkandi P-Alkalitet (pH) orsakar hækkandi magn af Na-Silikati. Hið eina sem hefur getað orsakað Alkalitet í sýnishornum þeim er hér voru, frá öðrum komponentum en þeim sem ræddir eru í þessari

greinargerð (kolsýrusambönd, Hydroxyl-OH' og  $n \cdot \text{Na}_2\text{O} \cdot p \text{SiO}_2$ ) er mögulegt innihald af Sulfidion-S"n sem í basisku hveravatni mun vera til staðar sem  $\text{Na}_2\text{S}$  eða öllu heldur hydrolyserað sem  $\text{NaHS} + \text{NaOH}$ . (Sýnishorn nr. 14 og 15). Við hina volumetrisku ákvörðun var að vísu Sulfidion-S" felld út með  $\text{HgCl}_2$  og hefur þar þessvegna tæplega getað orsakað skekkju, en við hina titrimetrisku hefur þetta mjög vel getað átt sér stað, með því að 1 ppm Sulfidion-S" svarar til 2,44 ppm  $\text{Na}_2\text{S}$ , sem myndi orsaka Alkalitet er næmi 3 ppm  $\text{CaCO}_3$ . Vil ég leggja áherzlu á þetta atriði sem, eins og sýnt hefur verið fram á, gæti hafa orsakað skekkju í niðurstöðum mínum. Gildir þetta að vísu aðeins fyrir eftirtalin 2 sýnishorn (nr. 14 og 15). Sýnishorn nr. 6, 7 og 8 innihalda að vísu lítið eitt af Sulfidion-S", en með því að þau voru tekin í óþéttar flöskur og engin brennisteinslykt fannst af þeim við móttöku, reikna ég hikaust með því að S" hafi verið orðið oxyðerað af súrefni loftsins. Sama gildir um sýnishorn nr. 19 frá Geysir. Í samræmi við hugleiðingar þar er hér hafa farið á undan, má segja að tilgangurinn með þessu verkefni nr. 1 hafi verið eftirfarandi:

Að finna, hvort ákvörðun á Total- $\text{CO}_2$  mg/l volumetrískt og titrimetrískt, gafi sömu niðurstöður, eða ef öðruvísi reyndist hve mikill mismunur væri, og á þann hátt að ákvarða quantitativt skekkju þá er kæmi fram við hina titrimetrisku aðferð. Með útreikningi væri síðan hægt, eins og sýnt er í lista, að finna eventuelle skekkju varðandi Alkalitet vatnsins og að lokum Rest-Alkalitet þá, er hvorki getur orsakast af kolsýrusamböndum eða Hydroxyl, heldur verður að teljast stafa frá Natriumsilikati,  $n \text{Na}_2\text{O} \cdot p \text{SiO}_2$ .

Varðandi sýnishorn af vatninu, er rannsökuð voru, skal það tekið fram að aðeins sex þeirra nr. 1, 2, 3, 4, 9 og 18 voru tekin samkvæmt forskrift og voru á þeim öllum gerðar parallelprufur. Hin sýnishornin voru tekin á staðnum í 1000 ml flöskur með glertappa og síðan í rannsóknastofu hellt um í prufukolba. Af þeim sýnishornum er tekin voru

á þennan hátt, var á einu þeirra (Geysir í Haukadal) gerðar parallelprufur og fengust við það útkomurnar: Total-CO<sub>2</sub> mg/l = 106,2 mg/l og 104,2 mg/l. Meðaltal = 105,2 mg/l. Mismunur ca. 2 %. Eins og áður er tekið fram, eru sýnishornin nr. 1 og 2 af köldu vatni, en öll hin (basískt) hveravatn, hitastig 30-100 °C. Varðandi niðurstöður af ákvörðunum fyrir hin ýmsu sýnishorn, sýna hin volumetrisku og titrimetrisku gildi fyrir sýnishorn nr. 1 og 2 að vísu lítinn mismun, en þó hvað nr. 2 snertir meiri en vænta mátti. Hvað hin önnur sýnishorn snertir, er með einni undantekningu (Geysir) mismunur á fundnu Total-CO<sub>2</sub> mg/l mjög greinilegur eða frá (3,70 mg/l - 13,95 mg/l)CO<sub>2</sub>, eftir því hvort ákvörðunin er gerð volumetrískt eða titrimetrískt, og reiknað sem % er þessi mismunur 1,19 - 41,69 % af hinu titrimetrískt fundna gildi. Í samræmi við ofangreint er mismunur á hinna titrimetrískt og volumetrískt ákvörðuðu Karbonat-, Bikarbonat-Alkalitet (6,7-32,3) ppmCaCO<sub>3</sub>. Samsvarar þessi mismunur (8,0 - 39,4 mg/l)Na<sub>2</sub>SiO<sub>3</sub> eða (7,6 - 31 mg/l)Na<sub>4</sub>SiO<sub>4</sub>. Vitanlega þarf ekki að taka það fram að þessi umreikningur á Mism Alkalitet ppm CaCO<sub>3</sub> í Natriummetasilikat mg/l - Natriumortosilikat mg/l er gerður án þess að nokkur sönnun liggja fyrir um tilveru þessara komponenta í vatninu. Ekki er af niðurstöðum í lista unnt að sjá með vissu á hvaða eiginleikum hveravatnsins hin umræddu atriði byggjast, það er að segja hinar mismunandi niðurstöður við hinar volumetrisku og titrimetrisku ákvörðunaraðferðir. Samt mun mega fullyrða að T °C og pH vatnsins hafi mikla þýðingu þannig, að lágt hitastig og pH (Primær Alkalitet = 0) á vatninu (Bikarbonatvatn) orsaki það að mjög óverulegur mismunur komi fram, hvor aðferðin sem er notuð (sýnishorn nr. 12, 13, 14), og öfugt mun mega fullyrða að hátt hitastig og pH <sup>og P-Alkalitet</sup> sé nauðsynlegt til þess að verulegur mismunur eigi sér stað. En eins og áður hefur verið tilfært er þó eitt sýnishornið (Geysir í Haukadal) alger undantekning frá því, sem sagt hefur verið

um hin, þrátt fyrir hæsta hitastig sem um er að ræða 100 °C og hæst pH = 9,7 af öllum sýnishornunum. Eins og áður hefur verið skýrt frá voru á þessu sýnishorni gerðar tvær parallelprufur og það sýndi sig að meðaltal af niðurstöðunum Total-CO<sub>2</sub> mg/l = 105,2 var nákvæmlega jafnt og útkoman sem fékkst við hina titrimetrisku ákvörðun. Hvernig má skýra þessa mjög einkennilegu niðurstöður er því miður ekki ljóst. En athygli skal vakin á einu atriði varðandi vatn úr Geysi, án þess að líklegt sé að um samband milli þess og þeirrar niðurstöðu sem hér á undan hefur verið tilfærð, sé að ræða. Kísilsýruákvörðun á vatni úr Geysi var, eins og fyrir öll sýnishornin gerð elektrophotometrískt þannig, að kolloid kísilsýra kom ekki fram við ákvörðunina. Nú mældist uppleyst SiO<sub>2</sub> = 195 mg/l, en alls mun Geysis-vatnið innihalda um 520 mg/l SiO<sub>2</sub>. Eru því um 325 mg/l kolloid SiO<sub>2</sub> í vatninu. Mun Geysisvatnið vera hið eina af sýnishornum þeim er rannsökuð voru, er hafði teljandi innihald af kolloid SiO<sub>2</sub>, og jafnframt því hið eina er hafði hærra innihald af kolloid- heldur en molekular-SiO<sub>2</sub>. En í öllu falli væri á því mikil nauðsyn að endurtaka þessa CO<sub>2</sub>-ákvörðun á vatni úr Geysi og eg nokkrum sýnishornum öðrum er innihalda kolloid SiO<sub>2</sub>.

#### Árangur, miðað við tilgang verkefnis.

Þegar gera skal grein fyrir árangri af verkefni eins og því, sem hér um ræðir, ber vitanlega fyrst á það að líta, hve nákvæmar niðurstöður rannsóknarinnar muni vera. Sú mæling er lögð var til grundvallar var hin volumetríska ákvörðun á Total-CO<sub>2</sub> mg/l. Er í því efni vitanlega fyrst að vita hve nákvæmt áðurnefnt kolsýruákvörðunartæki er. Var í því skyni gerð ákvörðun á standard-sódaupplausn í mismunandi magni, er svaraði til innihalds af Total-CO<sub>2</sub> mg/l, 10, 25, 40, 60 og 100 mg/l. Er tími hafði unnist til að kynna tækinu og læra að útiloka skekkjur, reyndist nákvæmni tækisins aldrei minni en  $\pm$  2,5 % og venjulega um 0,8-1,5 %. Áður hefur verið skýrt frá því að parallel-

Ákvarðanir voru gerðar fyrir sýnishorn nr. 1, 2, 3, 4 og 9. Var ákvörðunin endurtekin ef mismunur á tveim parallelákvörðunum var yfir  $\pm 2,5\%$ , en yfirleitt var nákvæmni  $0,5-1\%$ . Þess skal getið varðandi hin vatnssýnishornin að þar var aðeins gerð ein vol-CO<sub>2</sub>-ákvörðun með því að nægilegt vatnsmagn fyrir parallelákvörðun var ekki fyrir hendi. Aðeins á vatni úr Geysi, voru gerðar parallelákvörðanir og nam mismunur þeirra ca.  $2\%$ . Niðurstöður í lista eða innihald þeirra má annars formulera þannig:

1. Alkalitet í íslensku hveravatni stafar yfirleitt aðeins að nokkru leyti frá kolsýrusamböndum og Hydroxyl, en að verulegu leyti frá einhverjum ekki nánar skilgreindum komponent.
2. Venjuleg "standard-aðferð" er miðast við, út frá Alkalitet vatns, að reikna út kolsýrusambönd og Hydroxyl vatnsins, er fyrir íslenskt hveravatn yfirleitt ónothæf eða hefur aðeins samanburðargildi.
3. Við vötn er hafa lágt hitastig og pH jafnt eða minna en 8 er skekkjan mjög óveruleg, þó að "standard-aðferð" sé notuð.

Árangurinn af því starfi, sem þetta verkefni hefur kostað, er hér settur fram í ofangreindum þrem setningum. Þessar upplýsingar eru vitanlega aðeins lítil hluti af því er upplýsa þarf, ef um grundvallarrannsókn væri að ræða á þeim atriðum er hér hafa verið tekin til athugunar. Slíka grundvallarrannsókn mætti skilgreina í eftirfarandi liðum:

1. Total rannsókn á því hvaða komponentar raunverulega orsaka Alkalitet vatns (hveravatns) og í hvaða hlutföllum.
2. Í hvaða mismunandi formi existerar kísilsýra hveravatnsins. Þelur þessi liður í sér qualitativa og quantitativa ákvörðun fyrir hin ýmsu form, er kísilsýran kann að vera til staðar í.

Hér á eftir skal rakið hvernig rannsókn, er miðast við þessa liði hugsast framkvæmd og í hvaða tilgangi:

Tilgang slíkrar rannsóknar mætti fyrst og fremst telja þann, að upplýsa til fulls hvaða efnasambönd yfirleitt eru til staðar í íslenzku hveravatni. Rannsókn sem þessi myndi, er henni væri lokið, hafa bæði tæknilega og vísindalega þýðingu og það því frémur sem ekki er kunnugt að þessi verkefni hafi hingað til verið rannsökuð annarsstaðar. Hina vísindalegu þýðingu þess, ef unnt væri að upplýsa til fulls hvaða efnasambönd eru til staðar í hveravatni yfirleitt, verður vitanlega fyrst og fremst að miða við hveravatnið sjálft, enda ekki óeðlilegt þar sem hveravatnið ásamt hveragufunni er og hefur verið hið ápreifanlega og sýnilega tákni jarðhitans ofanjarðar. Ef jarðhitarrannsóknir yfirleitt eiga rétt á sér, þá er hveravatnið sjálft út af fyrir sig vissulega þess virði, bæði þeirrar vinnu, tíma og kostnaðar sem fullkomin rannsókn myndi hafa í för með sér. Rannsóknir á hveravatni hafa hingað til verið framkvæmdar þannig að efnagreiningarnar hafa í bezta falli verið innifaldar í ákvörðun á total uppl. efni, mótstöðumæling, pH, Alkalitet Kolsýrusambönd og Hydroxyl (samkvæmt standard-aðferð) og svo þau uppl. efni, sem venjulega eru ákvörðuð í vatni, nema í mestum hluta þeirra vatnsefnagreininga, sem fyrir liggja, mun ákvörðun á Alkalimálmum ( $\text{Na}^+$ ) vera sleppt. Ákvörðun er gerð á Total- $\text{SiO}_2$ . Með þessari vinnuaðferð er nákvæmlega sleppt burtu því sem ætlast var til að rannsakað yrði í liðum nr. 1 og 2 á bls. 9. Nú skal á það bent að hingað til bæði fyr og síðar hafa komið fram ritsmíðar af öllu tagi með teoríur um eðli og uppruna jarðhitans og allt mögulegt í sambandi við hann. Að hve miklu leyti þessar teoríur hafa verið helgaðar hveravatninu og efnainnihaldi þess eða stuðst við þetta hvortveggja, skal hér látið ósagt. En hafi hingað til verið mögulegt að styðjast við rannsóknir á hveravatninu, sem í hæsta lagi hafa sam-  
anburðargildi, en engar upplýsingar gefa um hluti eins og það, hvaða komponentar það eru, sem orsaka alkalitet vatnsins, hve mikið magn af



kolsýrusamböndum og Hydroxyl sé fyrir hendi eða í hvaða formi kísil-  
sýran liggur fyrir í vatninu, þá myndi það þó vafalaust vera til bóta,  
ef þessir ofangreindu hlutir væru kunnir. Vel má vitanlega skilja það  
að við uppbyggingu einhverrar teoríu um jarðhitann og eðli hans, sé  
það aðallega "karakter" hveravatnsins er hefir þýðingu, það er að seg-  
ja, hvort hveravatn frá mismunandi stöðum inniheldur sömu uppl. efni,  
jafnvel þó að magn þessara efna sé mismunandi frá hinum ýmsu stöðum.  
En hitt hlýtur einnig að vera nauðsynlegt, að vita hvaða efnasambönd  
raunverulega eru til staðar í vatninu ( $n\text{Na}_2\text{O} \cdot p\text{SiO}_2$ ) og hvaða eigin-  
leika þau veita hveravatninu, hvert um sig. Hvað samanburðarrannsókn-  
um viðvíkur eru þær vel fullnægjandi fyrir neyzluvatn og eins og sagt  
er hér að framan, fyrir sumt hveravatn (bikarbonatvatn). En við rann-  
sókn sem miðast við, eða ef til vill þarf að styðjast við efnainnihald  
hveravatns í vísindaskyni, virðist slík rannsókn vera mjög ófullnægjandi.  
Það er t.d. vitneskja, sem vafalaust er einhvers virði, ef fundið er  
að Alkalitet í hver uppi í Hengli væri sú sama og í einhverjum pytti  
norður í Skagafirði. En þessi vitneskja kæmi bara því miður ekki ná-  
lægt kjarna málsins hvaða komponentar það væru sem orsökuðu þessa Al-  
kalitet og væri sama eðlis eins og ef því væri slegið föstu að einhver  
stöðmeri úr Flóanum hefði samskonar hófgalla eins og önnur norðan af  
Langanesi. Þetta væri sjálfsagt einhvers verð statistísk vitneskja,  
segði bara því miður ekkert um það sem yrði þó að telja aðalatriðið,  
af hverju þessi ágalli dýranna stafaði, eða ef um fleiri en eina or-  
sök væri að ræða, hverjar þessar orsakir væru.

Hagnýt þýðing er total-rannsókn hveravatnsins eða rannsóka, eins  
og lýst er hér að framan í hinum tveim liðum nr. 1 og 2 á bls. 9,  
miðast vitanlega við notkun hveravatnsins til hitunar. Aðgerðir í þá  
átt að bæta vatn það, sem notað er til hitunar, myndu sennilega aðeins  
vera framkvæmanlegar þær sem um stærri hitaveitur er að ræða, en ekki

væri þó óhugsandi að finna mætti aðferð til að hindra korrosion og útfellingu í hveravatnsleiðslum, er væri það ódýr að hún borgaði sig þar sem um verulegar skemmdir væri að ræða einnig í minni hitakerfum. Er það skoðun höfundar að sérstaklega í stærri hitakerfum og einnig einkaleiðslum, sé aðeins hægt fyllilega að hindra korrosion með því að preparera leiðslurnar þannig, að meira eða minna súrefnismagn hafi á þær engin áhrif. Með öðrum orðum að preparera vatnið þannig að það myndi "silikathúð" (Silicate-Coating) innan á leiðslurnar.

Í Englandi og Ameríku er algengt að korrosion og útfelling í heitavatnskerfum er hindruð þannig, að svonefnd "Carbonate-Coating" ( $\text{CaCO}_3$ ) annaðhvort myndast af sjálfu sér innan í leiðslukerfin eða er látin myndast þar með því að preparera vatnið. Fundin hafur verið út mjög einföld kemisk aðferð (Marble Test) til að ákvarða hvort eitthvað tiltekið vatn geti ómengað myndað slíka "Coating", eða hvort bætja þurfi í eða eyða burtu kalki. Við hið íslenska hveravatn mun þessi aðferð, vegna hins háa innihalds af kísilsýru, ekki koma til greina, því að eins og kunnugt er geta kalk og kísilsýra ekki existerað saman í vatni, svo neinu nemi, en myndu óleysanleg sambönd er falla út. Er þetta ein ástæðan til þess að hér er lögð áhersla á Silicate-Coating. Önnur ástæða er sú að kísilefni er ef til vill þarf að bæta í hveravatn til þess að Silicate-Coating nái að myndast, munu annaðhvort vera fáanleg hér á landi eða innan skamms verða framleidd (Vandglas). Í litteratúr er að vísu lítið getið um Silicate-Coating og er talið að blöndun á Na-silikatupplausn í vatn geti að vísu minkað korrosion, en ekki stöðvað hana algerlega. Við þessu er því að svara að vatnið, sem hér er miðað við, mun í flestum tilfellum hafa bæði aðra forsögu (upphitað) og efnasamsetningu en íslenskt hveravatn og upphitun með hveravatni mun bæði vera sjaldgæf annarstaðar og hvergi í heiminum framkvæmd í þeim mælikvarða eins og hér á Íslandi. Það er því ekki hægt án var-

úðar að yfirfæra erlenda reynslu yfir á hið íslenska hveravatn. En greinilegasta svarið við því, hvort Silicate-Coating geti verið leiðslukerfi fullkomlega gegn skemmdum og hvort íslenskt hveravatn geti myndað slíka Silicate-Coating gefur þó íslensk náttúra sjálf og er nærtækasta tilfellið þvottalaugavatn Reykjavíkur. (Hóla Rauðará). Það hefur síðan notkun þess hófst myndað og myndar enn Silicate-Coating í leiðslukerfi sínu, er ver það algerlega gegn korrosion og útfellingu. Hið merkilegasta er þó ef til vill að þetta vatn er hvað efnainnihald snertir miðað við venjulega efnagreiningu, í engu frábrugðið ýmsum öðrum vötnum er samt hafa ekki þenna húðmyndandi hæfileika (sjá greinargerð við verkefni nr. II, bls. 23-24).

Eins og áður er getið virðist samkv. litteratur erlent (enskt og amerískt) vatn, sem notað er til hitunar aðallega innihalda kalk sem eitt af aðalefnunum, og vörn á skemmdum í leiðslukerfum virðist þar aðallega miðast við myndun á "Carbonate-Coating", annaðhvort sjálfkrafa eða með preparation vatnsins. Er einföld kemisk aðferð, sem stendur í öllum enskum og amerískum kennslubókum um rannsókn vatns (Marble Test), notað til ákvörðunar á því, hvort tiltekið vatn myndi sjálfkrafa slíka "Coating" eða á hvern hátt vatnið þurfi að preparera til þess að slík myndun eigi sér stað.


Íslenskt hveravatn inniheldur sem aðalefni kísilsýru og kísilsýrusambönd og hefur sannað, að það getur ef viss skilyrði eru uppfyllt myndað "Silicate Coating" er leysir alla erfiðleika varðandi korrosion eða útfellingu í kerfinu. Væri það því reynt yrði í sambandi við hið íslenska hveravatn að upplýsa hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að tiltekið vatn geti myndað slíka Silicate-Coating, og enn fremur að finna einhverja ekki alltof margbrotna kemiska prófun, er gæfi til kynna hvort tiltekið hveravatn gæti sjálfkrafa myndað "Silicate-Coating" eða hvernig ætti að preparera það til þess.

Vitanlega er það ljóst að hér er um ólíkt torveldara verkefni að ræða en varðandi Carbonate-Coating, því að meðan Calcium þó aðeins getur komið fyrir sem tvígildur póstífvur málmion  $Ca^{++}$ , getur kísil-sýran komið fyrir í ótal mismunandi formum, sem kolloid  $SiO_2$ , sem hydrolyseruð  $H_2SiO_3$  og sem eitthvert Natriumsilikat (Kalium)  $nNa_2O \cdot pSiO_2$  og ef til vill í fleiri formum. Vitanlega yrði það þýðingarmest að upplýsa hvaða Natriumsiliköt yfirleitt eru/staðar í hveravatninu, því að kolloid  $SiO_2$  má þegar auðveldlega ákveða og yrði þá sennilega auðvelt að ákveða hin önnur form. Hvort korrosion-rannsóknir á ofanræddum grundvelli hafa verið framkvæmdar áður annarstaðar í heiminum skal látið ósagt, en áður en skilist er við þessar tillögur vil ég aðeins minnst á þá röksemd gegn korrosion-rannsóknunum hér á landi eins og þær eru ræddar hér að ofan, að ekki þurfi til þess að hugsa að finna hér út neitt, er hinar virkilega viðtöku og miklu amerísku rannsóknir varðandi korrosion og heitavatnsnotkun yfirleitt ekki þegar hafa rannsakað til hlítar. Við þessu er því að svara að amerískar korrosion-rannsóknir munu aðallega miðast við vatn allt annarar tegundar og með mjög ólíka eiginleika heldur en íslenskt hveravatn, og enn fremur munu korrosion-rannsóknir þeirra að mjög miklum hluta miðast við aðra vökva en vatn (t.d. olíu). Hitt má vitanlega til sanns vegar færa að specialisti, er hefur reynslu í korrosion-rannsóknunum, væri vitanlega betur fær um að taka að sér slíkar rannsóknir heldur en einhver efnafræðingur annar og fyndi ef til vill aðra leið að markinu en einmitt þessa umræðu.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir hvaða leið er hugsað að fara við rannsóknir þær, sem skilgreindar eru í lið nr. 1 og 2 á bls. 9.

Liður nr. 1. Að upplýsa hvaða komponentar það eru, sem orsaka Alkalitet hveravatns. Skilgreina hvern þessara komponenta fyrir sig, bæði hverskonar efnasamband og hve mikinn hluta af Alkalitet hann orsakar.

Samkvæmt þeim upplýsingum er niðurstöður þessa verkefnis nr. 1 gefa, er Alkalitet samsett eftirfarandi í ítrasta falli:



Er hér um að ræða fyrst Alkalitet er stafar frá kolsýrusamböndum og er fundin með því að umreikna Vol-Total-CO<sub>2</sub> mg/l yfir í tilsværandi Alkalitet.


(I) Með því að ákvarða Total-CO<sub>2</sub> mg/l volumetrískt má því út frá því gildi reikna bæði Alkalitet er stafar frá kolsýrusamböndum, og kolsýrusamböndin sjálf, (mg/l Karbonation-CO<sub>3</sub> og mg/l Bikarbonation-HCO<sub>3</sub>).

(II) Næsti liður sem talinn er stundum að eiga þátt í því að skapa Alkalitet vatnsins er Hydroxylion-OH<sup>-</sup>. Var í þessu verkefni OH<sup>-</sup> ákvarðað samkv. "standard-aðferð" þannig að engin trygging er fyrir því að þær niðurstöður séu réttar. En svo stendur á að engin kemisk aðferð er þekkt, er gefi absolut réttar niðurstöður varðandi þetta efni OH<sup>-</sup>. Felling með BaCl<sub>2</sub> eða SrCl<sub>2</sub> og titration á eftir gefa í bezta falli niðurstöður með 10 % nákvæmni. Mér hefur verið sagt (Gunnar Böðvarsson) að í amerísku tímariti sé tilfærð aðferð, er byggist á því að OH<sup>-</sup>-ionar-úttækast og sýna ekki elektriska mótstöðu ef upplausnin inniheldur Gallussýru C<sup>6</sup>H<sup>2</sup>(OH)<sup>3</sup>COOH. Með því að vinna nógu nákvæmt má ef til vill byggja nákvæma ákvörðun á þessu fyrirbrigði. Til dæmis titrera potentiometriskt og konduktimetriskt upplausnir er innihéldu álíka magn af OH<sup>-</sup>ion mg/l eins og hveravatnið, og útfæra titrationir á þessum upplausnum og hveravatninu með og án Gallussýru. En með því að magn af OH<sup>-</sup> er æfinlega mjög lítið í hveravatninu, yrðu þessar titrationir að gerast með sérstakri nákvæmni. (Fisher Senior Titrimeter). Röntgenmyndir af hinu tiltekna vatni og upplausn er inniheldur sama magn mg/l OH<sup>-</sup> eins og útreiknað er að til staðar sé í vatninu, myndi vafalaust gefa mjög fyllandi upplýsingar við samanburð.


(III) Mism Alkalitet = ( $\text{SiO}_2$ -Alkalitet) er þriðji komponentinn sem orsakar Alkalitet hveravatns og er hér í niðurstöðum í lista skilgreiddur sem Mism Alkalitet = (Titr- $\text{CO}_2$ -Alkalitet-Vol- $\text{CO}_2$ -Alkalitet) og vafalaust mun stafa frá einhverju Natriumsilikati eða Natriumsilikötum með því að ekki munu vera ~~um~~ önnur efni í hveravatninu, er geta svo nokkru ~~mei~~ ( $\text{Na}_2\text{S}$ ) myndað alkalískt efnasamband eða alkalísk efnasambönd. Hér að undanförunu hafa þessir alkalísku komponentar verið táknaðir með  $n\text{Na}_2\text{O} \cdot p\text{SiO}_2$ . Ef  $n=1$  og  $p=1$  verður þetta  $\text{Na}_2\text{O} \cdot \text{SiO}_2 = \text{Na}_2\text{SiO}_3$  = Natriummetasilikat. Ef  $n=2$  og  $p=1$  verður þetta  $2\text{Na}_2\text{O} \cdot \text{SiO}_2 = \text{Na}_4\text{SiO}_4$  = Natriumortosilikat. Byrjunarrannsókn er miðaði að upplýsa hvaða efnasamband eða efnasambönd orsökðu þessa Mism-Alkalitet mætti hugsa sér eftirfarandi. "Ákvarða með absolut nákvæmni öll efni í vatninu, bæði mg/l og mv/l, Kation og Anion ásamt Total- $\text{SiO}_2$  og total-uppleystum efnum (og vitanlega hugsast volumetrísk ákvörðun á kolsýrusamböndum og Alkalitet og  $\text{OH}^-$  mg/l að vera ákvarðað jafn nákvæmlega um leið). Helst þyrfti Total-steinefni mg/l eða öðru nafni glæðirest að vera þekkt líka og hefi ég rekist á þýska aðferð til þess, er mér líst vel á en hef því miður ekki prófað. Ef nú væri jafnað saman +mvalentum og -mvalentum, þá hlyti að verða afgangss +mvalent er samsvaraði +mv fyrir Mism-Alkalitet og mg/l Kation ( $\text{Na}^+$  ion) er samsvaraði þessum +mv og myndaði með einhverjum p $\text{SiO}_2$ -Anion efnasamband er samsvaraði og orsakaði Mism-Alkalitet". Væri ofangreint verkefni (innan gæsalappa) vissulega mjög aðlaðandi vísindalegt hlutverk. Ef takast mætti að framleiða eða fá keypt sem preparöt eða í upplausn þau siliköt er aðallega geta existerað í vatni, þá myndu potentíometrískar og konduktometrískar titrationir nákvæmlega útfærðar geta gefið mjög verðmætar upplýsingar við samanburð. Röntgenmyndir af vatninu og þekktum upplausnum af Silikötum gætu einnig algerlega skorið úr um þessi atriði. En óhugsandi er að segja um það nær hvernig

Þessar rannsóknir myndu fara fram í einstökum atriðum fyrr en eftir ~~en eftir~~ því sem þær kæmst lengra.

Áður en byrjað var á þessari rannsóknartillögu var minnst á þann möguleika, sem líka í mörgum tilfellum væri líklegur, að blanda þyrfti einhverju efni í vatnið eða að breyta eiginleikum þess að öðru leyti. Er slík blöndun oft ýmsum erfiðleikum bundin, bæði kostar talsverðan útbúnað og einnig stöðugt eftirlit ef vel á að fara. Vildi ég því að síðustu vekja athygli á hinum stórmerku aðferðum Ameríkumanna er byggjast á svonefndu "Ion-Exchange". Allir kannast við þá aðferð til að eyða hörku úr vatni, að láta það renna yfir Zeolita. Fer þá fram eftirfarandi efnabreyting:



Zeolitarnir taka til sín Kalcium og Magnium úr vatninu, en láta í staðinn Natrium. En fyrir utan þetta, að eyða hörku, hefur bæði efni verið framleitt og aðferðir prófaðar fyrir Cation Exchange og Anion Exchange úr vatni. Cation Exchange er framkallað með Hydrogen-Zeolite er hefur þann hæfileika í súrri upplausn að skifta á vatns-efni og Cationum, eins og Calcium, Magnium og Natrium:



Með því að leiða vatn yfir Hydrogen-Zeolite er skift á Calcium, Magnium og Natrium vatnsins fyrir vatnsfni þannig að hinar tilsvarendi sýrur myndast. Má á þenna hátt breyta Alkaliteti, sýrugarðu og að nokkru leyti efnainnihaldi vatns eftir vild. Anion Exchange kallast það þegar Anionar eins og  $\text{Cl}^-$ ,  $\text{SO}_4^{2-}$  og  $\text{CO}_3^{2-}$  eru fjarlægðir. Fer þetta fram á þann hátt að ýms há molekular efni sem framleidd eru úr "resín" með því að kondensera aromatiska amina með aldehydum, geta ef um sýrur eða súr sölt er að ræða absorberað aniona úr upplausn eins og áður er sýnt. Dæmi: (sjá næstu síðu).



R = aðalefnið fyrir Anion Exchange og er það bundið annaðhvort sem Carbonat eða Hydroxyl. Bæði Hydrogen-Zeolite og þetta efni fyrir Anion Exchange má regenera ef þau eru orðin eydd. Er ekki unnt annað að segja en þýðing þessara efna og efnabreytinga sé mikil þar sem hægt er að koma þeim við og er það vissulega mikill kostur þar sem blöndunar í vatn er þörf, ef unnt er að komast af með fast efni, sem við og við má svo endurnýja (regenera) þannig að segja má að þau þyrfti að kaupa eða framleiða aðeins í eitt skipti.

Reykjavík, 24. ágúst 1951.

Svavar Hermannsson.



T a f l a I.

Volumetrisk og titrimetrisk ákvörðun á total-CO<sub>2</sub> í vatni.(Nr.1).

Hin volumetriska ákvörðun á total-CO<sub>2</sub>: Treadwell 364.

Nr.	Sýnishorn	Dags. 1950	T °C	Vol CO <sub>2</sub> mg/l	Titr CO <sub>2</sub> mg/l	Δ CO <sub>2</sub> mg/l	% Titr CO <sub>2</sub>
							% Δ CO <sub>2</sub> mg/l %
1	Gvendarbrunnur	1/4	kalt	10,25	10,78	0,53	1,30
2	Ellifaár	15/4	kalt	8,93	11,44	2,51	14,0
3	Hola Rauðará	5/4	93°	19,80	29,04	9,24	31,84
4	Pvottalaugar	7/4	86°	19,30	33,10	13,80	41,69
5	Suður-Reykir	16/6	90°	18,80	28,20	9,40	33,34
6	" Reykjahlíð	18/4	86°	20,70	27,30	6,60	24,34
7	Norður-Reykir	16/6	90°	22,60	30,80	8,20	26,60
8	Norður-Reykir 40 l/sek	16/6	90°	22,40	30,80	8,40	27,29
9	Blesagróf	11/4	50°	21,70	24,64	2,94	11,95
10	Laugarás	9/6	98°	18,92	30,1	11,2	37,2
11	Laugarbakkar	9/6	60°	23,20	31,2	8,0	25,7
12	Kollafjörður	12/6	60°	45,10	50,2	5,1	10,2
13	Andakíll	12/6	40°	30,20	35,2	5,0	14,2
14	Cyklon Hverag.	9/6	100°	34,70	59,8	5,1	9,7
15	Cykl.Garðyrkjusk.	9/6	100°	55,70	63,8	8,1	12,7
16	Sturlureykir	12/6	100°	20,1	34,3	14,2	41,4
17	Deildartunga	12/6	100°	23,1	37,05	13,95	37,74
18	Lind Kópavogi	11/6	30°	20,3	24,0	3,70	15,4
19	Geysir	16/6	100°	104,2	105,2	-	-
20	Geysir	16/6	100°	106,2	105,2	γ	-

Af Geysisvatni var mæld total-CO<sub>2</sub> í tveim sýnishornum parallelt.

T a f l a I. frh.

Volumetrisk og titrimetrisk ákvörðun á total- $\text{CO}_2$  í vatni.

Nr.	ppm $\text{CaCO}_3$						
	Titri- $\text{CO}_2$ -Alk	Vol- $\text{CO}_2$ -Alk	Mism-Alk	OH'-Alk	P	M	Total-Alk
1	24,5	23,3	1,2	-	3,0	21,5	24,5
2	23,5	20,3	3,2	-	-	23,5	23,5
3	73,0	52,0	21,0	7,0	40,0	33,0	73,0
4	80,0	43,8	31,2	5,0	42,5	37,5	80,0
5	68,0	42,8	21,2	4,0	36,0	32,0	68,0
6	67,5	47,0	15,0	5,5	36,5	31,0	67,5
7	70,0	51,4	18,6	-	32,0	38	70
8	70,0	51,0	19,0	-	32,0	38	70
9	56,0	49,3	6,7	-	24,0	34	56
10	68,5	43,0	25,5	-	32,0	36,5	68,5
11	71,0	52,7	18,3	-	10	61	71
12	114,0	102,6	11,4	-	0	114	114
13	80,0	54,6	25,4	-	0	80	80
14	122,0	126,5	18,5	-	50	95	145
15	145,0	99,3	22,7	14	75	61	136
16	78	45,7	32,3	-	32	46	78
17	84	52,5	31,5	-	33	51	84
18	54	46,1	7,9	-	19	35	54
19	239	-	-	-	85	154	239
20	239	-	-	-	85	154	239

T a f l a I. frh.

Volumetrisk og titrimetrisk ákvörðun á total-CO<sub>2</sub> í vatni.

Nr.	pH	Meta- og Ortosilikat		
		Kolorim SiO <sub>2</sub>	Na <sub>2</sub> O·SiO <sub>2</sub>	2Na <sub>2</sub> O·SiO <sub>2</sub>
		Uppl-SiO <sub>2</sub> mg/l	Na <sub>2</sub> SiO <sub>3</sub>	Na <sub>4</sub> SiO <sub>4</sub>
1	8,8	12	1,96	1,10
2	7,4	12,5	3,90	2,94 <sup>6</sup>
3	9,5	136	25,5	19,3
4	9,5	135	38,1	28,7
5	9,6	80	25,9	19,5
6	9,6	91	18,3	13,8
7	9,6	90	22,6	17,0
8	9,5	90	23,3	17,5
9	9,4	57	8,0	6,2
10	9,5	95	31,1	24,5
11	8,2	56	22,8	17,6
12	8,0	75	13,9	10,9
13	8,1	150	31,0	24,4
14	9,5	175	22,6	17,8
15	9,7	110	27,7	21,8
16	9,2	61	39,4	31,0
17	9,3	110	38,4	29,0
18	9,4	65	9,6	7,6
19	9,7	195	-	-
20	9,7	195	-	-

Aðeins var mæld uppleyst (ekki kolloid) SiO<sub>2</sub>.

Total-SiO<sub>2</sub> mg/l í Geysi er ca. 520 mg/l.


Verkefni Nr. 2.

Greinargerð.

Verkefni nr. 2 var framkvæmt seint á árinu 1949. Er verkefnið, eins og áður er sagt, innifalið í potentiometriskum titrationum á einu sýnishorni af köldu vatni og 4 af hveravatni, alls 5 sýnishornum. Einnig voru titraðar 4 upplausnir, er aðallega munu orsaka Alkalitet vatns, ein þeirra eða fleiri í hvort skifti. Upplausnir þessar voru  $\text{NaHCO}_3$ ,  $\text{NaOH}$ ,  $\text{Na}_2\text{CO}_3$  og  $\text{Na}_2\text{SiO}_3$ . Titrað var með  $n/50 \text{ H}_2\text{SO}_4$  og hin potentiometriska titration útfærð þannig að eins oft var mælt 100 ml vatns og tilsvarandi sýrumagni bætt út í, eins margar mælingar og voru gerðar. Fyrir utan þá potentiometrisku var einnig á hverju sýnishorni gerð venjuleg titration, einnig með  $n/50 \text{ H}_2\text{SO}_4$ . Öll tölugildi, bæði fyrir venjulega titration og þau er fundin voru við hina potentiometrisku titration fylgja hér með í sérstökum listum fyrir hvert sýnishorn og einnig fylgja með fyrir hvert sýnishorn línurit er sýna, hvernig hin potentiometriska gildi breyttust við vaxandi sýrumagn eða hvernig hin potentiometriska titration fór fram. Með því að þessi efnabreyting, þegar sýra reagerar við basa, kallast "neutralisation", er þetta verkefni raunverulega topkemisk rannsókn á neutralisation þessara áður nefndu basisku sýnishorna. Sama gildir vitanlega um conductometriska titration, sem einnig var framkvæmd á nokkrum sýnishornum af Gunnari Böðvarssyni verkfr. Var notað við hina potentiometrisku titration Beckmann pH-mælir, en við hina conductometrisku var notuð sérstök Wheatstonebrú með tilheyrandi dip-cell, til ákvörðunar á elektriskri mótstöðu í vatni eða öðrum elektrolytum. Línurit yfir hinar conductometriska titrationer fylgja einnig hér með. Tilgangur þessa verkefnis var sá, sjá á línuritum hvernig neutralisationin fer fram í hverjum punkti og með samanburði við línurit frá öðrum þekktum upp-

lausnum, að fá hugmynd um, frá hvaða komponentum Alkalitet vatnsins raunverulega stafaði. En til þess að unnt væri að vænta verulegs árangurs af þessari rannsóknaraðferð, þyrfti vafalaust að nota fleiri en eina sýru og ennþá þynntari en hér var gert (N/250). Ennfremur að koma því þannig fyrir að unnt sé að titrera sömu prufuna alla titrationina út í gegn. En fyrir þetta verkefni varð nú samt raunin sú, að hin potentiometriska titration reyndist mjög sérkennandi fyrir öll sýnishorn, eins og meðfylgjandi línurit sýna. Hvað línuritin fyrir hinar þekktu upplausnir snertir, eru línuritin Nr. 6 (NaOH) og Nr. 9 (Na<sub>2</sub>SiO<sub>3</sub>) mjög lík, það er að segja, þau eru í upphafi mjög flöt, en beygja síðan mjög skyndilega niður á við og síðan þegar neutralisation er lokið beygja þær aftur upp á við og eru mjög flöt úr því. Línurit

Nr. 7 (NaHCO<sub>3</sub>) sýnir lengst af aflíðandi halla en fellur síðan skyndilega. Línurit nr. 8 (Natriumcarbonat) sýnir eins og vænta mátti lögð í miðju skv.:



Eins og sést af þessum jöfnum hefur Na<sub>2</sub>CO<sub>3</sub> tvo neutralisations-púnkte, annan þegar það er allt komið yfir í NaHCO<sub>3</sub> eða þegar það er hálf-neutraliserað og hinn þegar hið myndaða NaHCO<sub>3</sub> er neutraliserað. Þessvegna lækkar línuritið í miðju, hækkar síðan aftur, en fellur svo aftur niður. Sé gerður samanburður á þessum línuritum er lýst hefur verið hér að ofan og línuritunum fyrir vatnssýnishornin, sést nú strax að línurit nr. 7 (NaHCO<sub>3</sub>) og línurit nr. 1 Gvendarbrunnarvatn eru algerlega samkynja og ber því vel saman við niðurstöður í lista (sbr., Verkefni Nr. 1). Sé borið saman línurit nr. 5 (Þvottalaugar) og línurit nr. 9 (Na<sub>2</sub>SiO<sub>3</sub>) þá sést mjög greinilega, að þessi tvö línurit líkjast mjög hvort öðru. Er það líka í fullu samræmi við niðurstöður (Mism-Alkalitet = SiO<sub>2</sub>-Alkalitet) í lista fyrir Verkefni Nr. I. Bendir því bæði hin potentiometriska titration samkvæmt samanburði ofangreind-


dra línurita og niðurstöður í lista (Verkefni Nr. I, Mism-Alkalitet) á óvanalega mikið Natriumsilikat- $\text{Na}_2\text{SiO}_3$ , í þessu sýnishorni, Þvottalaugavatninu. En eins og líka fellur saman við niðurstöður í lista, inniheldur Þvottalaugavatnið líka "Karbonation- $\text{CO}_3$ " og má sjá það greinilega á línuritinu. Varðandi línurit nr. 2 (Reykjahlíð) og línurit nr. 3 (Suður-Reykir) virðast þar vera um einhverjar skekkjur að ræða (línurit nr. 2) en annars má greinilega sjá, að hér virðist aðallega vera um Karbonat-Alkalitet að ræða en einnig nokkurt  $\text{Na}_2\text{SiO}_3$ , og ber því einnig saman við niðurstöður í lista í verkefni nr. 1. Varðandi línurit nr 4 (hola Rauðará) virðist það að mestu sýna sömu einkenni eins og línurit nr. 5 (Þvottalaugavatn), einkum sé þess gætt að Alkalitet fyrir sýnishorn nr. 4 er minna en fyrir nr. 5. Ber þessu saman við niðurstöður í lista í verkefni nr. 1. Eins og sést af ofangreindu, má þrátt fyrir ýmsa galla á framkvæmd þessara titrationa, sjá margt við samanburð línuritanna, sérstaklega með hliðsjón af niðurstöðum fyrir verkefni nr. 1. Sé ég ekkert því til fyrirstöðu, ef nóg-rar nákvæmni er gætt, og sérstaklega þynntari sýra notuð, að hugsanlegi væri að standardisera aðferð til ákvörðunar hinna alkalisku kompenenta í vatninu, potentiometriskt eða konduktometriskt (Fisher Senior Titrimeter). Í öllu falli verður gildi þessarar aðferðar til rannsókna seint ofmetið.

Reykjavík, 25. ágúst 1951


Svavar Hermannsson.

Límurit A.

Samhengi milli uppl. SiO<sub>2</sub> og Total-Alkalitet. CaCO<sub>3</sub>.




Potentiometrisk Titration.





Potentiometrisk Titration.



Hitaveituvatr.  
6.1.1949 við  
dælustöð S.R.

Alkalitet = 12.5 ml 0.1N HCl/4  
Fundis með venjulegru  
titration  
pH = 6.4  
M<sub>0</sub> = 13.6  
300 ml.  
Viðnám við 25°C er  
ca. 4.670 Ωcm.

Laugadælisir  
22.1.49

P = 0  
M = 4.10  
Malt 27.1.49

400 ml.

Hitaveita ír hana.  
26.1.49



P = 1.75  
M = 3.70

400 ml.



Hitaveituvatr.

6.1.1949 við  
dælustöð S.R.



Alkalitet = 12.5 ml 0.1N HCl/4  
Fundis með venjulegru  
titration  
pH = 6.4  
M<sub>0</sub> = 13.6  
300 ml.  
Viðnám við 25°C er  
ca. 4.670 Ωcm.





Conductometric Titration



Conductometric Titration




Conductometric Titration







2.5.1.1949  
H. Ch.

Conductometric Titration



Conductometric Titration

300 ml.



20°C

19.5°C

20°C

19°C

19°C

Conductometrisk Titration

8.1.49. G.B.